

Fundargerð stjórnar Fuglahundadeildar 18.2.2021

Fundur settur kl. 17.30 að Norðlingabraut 8, fimmtudaginn 19. febrúar. Fundinn sátu Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson, Jón Ásgeir Einarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir.

Bikarar – Inkalla bikara og stilla upp á heimasíðu bikurum, hver gef, hvernig er hann veittur, etc.

Tímasetning ársfundar – bíða eftir tilslökunum en halda fund jafnframt í tengslum við viðburði

Fjallað um innsent erindi frá félagsmanni deildarinnar.

Í framhaldi af þýðingu veiðiprófsreglna kom tillaga að því að þýða dómarahandbókina. Stjórn FHD telur best að leita til dómara ráðs með þá framkvæmd.

Fjallað um innihald ársskýrslu deildarinnar.

Hluta fundar sátu Breton eigendur eða þeir Dagfinnur Ómarsson, Kári Ibsen Árnason, Stefán Karl Guðjónsson, Svafar Ragnarsson og Viðar Örn Atlason. Efni þessa fundar var ræktunarpróf fyrir Breton, en eins og staðna er í dag eru þau tvö. Fram kom í framsögu og umræðu að það að hafa 2 gerðir veiðiprófa þ.e tvo mælikvarða fyrir tegundina á veiðieiginleikum sé ekki ákjósanlega staða fyrir samhæfð rættarmarkmið. Nokkuð líflegar umræður spunnust út frá þessu sem leiddu í nokkrar áttir. Niðurstaðan varð sú að Breton eigendur í gegnum félagsskap sinn Breton Klúbbinn sammælist um það ræktunarpróf sem nota skal til viðmiðunar. Þegar það liggur fyrir mun stjórn deildarinnar vinna að því með Breton félagsmönnum að tryggja þann umbúnað sem þarf til að ná settu markmiði í þágu hagsmuna tegundarinnar.

Þá var ákveðið að gera breytingar á heimasíðu deildar á yfirlitsmynd yfir árangur hunda og aðgreina betur hvaða tegund af prófi hundur tók þátt í. Ekki verður farið út í tímafrekar breytingar þar sem unnið er að gagnagrunni innan HRFÍ.

Fundi slitið kl. 19.30